

Ed.

472. Nefndarátt

um frumvarp til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta (þingskj. 219).

Eftir því sem árin hafa liðið, hafa kröfurnar um aukinn rétt kvenna orðið æ kröftugri. Nú er svo komið, að fjöldinn allur af landsmönnum lætur sér ekki annað lynda en að kvenmenn njóti í öllum greinum sama réttar að lögum, sem karlmenn hafa. Af þessum rötum er frumvarp það runnið, sem hér ræðir um, og háttvirt deild hefir falið oss til athugunar.

Um réttindi þau, sem frumvarpið fer fram á að kvenmönnum séu veitt, skal það tekið fram, að nefndin sér ekkert ísjárvert við að þau séu veitt að lögum, að einu atriði undanteknu.

Nefndin verður að telja það sjálfsagt, að sérhver einstaklingur þjóðfélagsins hafi rétt til þess að láta alla góða hæfileika sína þroskast eftir föngum, hvort heldur einstaklingurinn er karl eða kona. En skólar þeir, sem þjóðin hefir komið á fót og heldur uppi, eru til þess ætlaðir, að þangað geti menn sótt aukinn þroska. Gildir þetta jafnt um alla skóla, þótt markmið þeirra sé að öðru ólíkt. En af þessu leiðir þá, að rétt verður að telja, að konum jafnt og körlum veitist aðgangur að öllum skólum landsins, jafnt þeim æðri sem hinum lægri. Og hafi konurnar fengið rétt til þess að ganga í skólana og sækja um embætti, þá er og eðlilegt að láta þær njóta sama stuðnings við námið og karlar hafa, jafnt fjárstyrks sem annara hlunninda.

Kemur þá til athugunar hvort rétt sé og æskilegt að konur fái rétt til embætta með sömu skilyrðum og karlar. Mörgum kann að virðast þetta viðsjárvert sökum þess, að embættin hér á landi eru allrfið, að því er snertir ferðalög þau, sem mikill fjöldi af embættismönnum vorum verður að hafa. Og þeir eru vafalaust ekki allfáir meðal vor, sem telja embættin hér á landi of erfið konum fyrir þessa sök. En þá er á það að líta, þó nokkuð kunni að vera í þessu hæft eins og nú er ástatt, þá getur naumast nokkur veruleg hætta af því stafað. Fyrst er það, þegar samgöngur batna til muna, sem eflaust hlýtur að verða með tímanum, þá minka örðugleikarnir við ferðalögin. Annað er það, að mikil ferðalög fylgja eigi nema sumum embættum hér á landi, svo að allmörg embætti gætu verið nothæf konum fyrir þá sök, þótt þau þeirra gengi undan, sem erfiðust ferðalög fylgja. Og loks má telja líklegt, að þær konur verði fremur fáar, sem um embætti vildu sækja, að minsta kosti hin erfiðari þeirra.

Nefndin getur því ekki séð neinar verulegar ástæður, er á móti því mæli, að konum veitist réttur til embættisstarfa með sömu skilyrðum og körlum. Þó er nefndin, sem heild, í nokkrum vafa um hvort rétt sé að veita konum aðgang að prestsembættum. Það stafar þó ekki af því, að nefndin efast um hæfileika kvenna í þessa átt, heldur eingöngu af ótta fyrir því, að af þeirri nýbreytni kynni að rísa óþarfur ágreiningur meðal þjóðarinnar. Og með því nefndin telur líklegt, að eigi muni margar konur æskja þess að verða prestar, þá telur hún það þýðingarlitinn réttindamissi fyrir konur, þó þessi undantekning sé gerð.

Samkvæmt því, sem hér hefir sagt verið, vill nefndin leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með tveim breytingum, og er önnur þeirra að eins orðabreyting.

BREYTINGARTILLÖGUR vorar eru:

1. Í stað orðanna: »konur« í 1.—3. gr. komi: kvennmenn.
2. Á eftir orðinu »embætti« í 3. gr. bætist inn í orðin: annara en prestsembætta.

Sigurður Hjörleifsson,
formaður.

Með fyrirvara snertandi br.till. 2.
Jósef Björnsson,
skrifari og framsögum.

Eiríkur Briem.